

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Kennsluáætlun í byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu himingeiminn
eftir Sólrunu Harðardóttur
Teikningar: Rannveig Jónsdóttir
Námsgagnastofnun 2002

Hugsuð fyrir 3. - 4. bekk

Þigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar fjölbreyttar bækur um himingeiminn, fræðibækur og ævintýri. Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum og tölvum.
Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkan pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjörnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókinn „*Söngvasafn Ef væri ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

[Ég skal mála allan heiminn elsku mamma](#)
(bls 2-5)***
Blessuð sólin elskar allt (bls. 6-7) * **
Jörðin hún snýst (bls. 6-7)
Glettinn máninn (bls. 8)

Mánaskin er úti (bls.8)
Góða tungl (bls.8) **
[Tunglið tunglið taktu mig](#) (bls. 16-17) ***
[Máninn hátt á himni skín](#) (bls.16-17) ***

Dæmi um hlustunarefni

[Canon](#)- Pachelbel
[Tunglskinssónatan](#) – Beethoven
[Clair de Lune](#) – Debussy
[Ég skal mála allan heiminn](#)
[Dance of The Moon and Stars](#)
[Starwars Theme](#)

[Sailor Moon Super S Orgel Fantasia](#)
[Páneturnar](#) - Gustaf Holst
[Merkúríus](#) (vængjaði sendiboðinn)
[Venus](#) (friðflytjandinn)
[Mars](#) (herguðinn)
[Júpiter](#) (boðberi gleðinnar)
[Satúrnus](#) (ellin)
[Úranus](#) (töframaðurinn)
[Neptúnus](#) (dulhyggjan)

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, fræðast um himingeiminn og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð.
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnrænt og sjónrænt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir plánetuverkefnið.

Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings með bekknum.

Upplestur (Komdu og skoðuðu himingeiminn)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur flokksins (Komdu og skoðuðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Pláneturnar sem nefndar eru skráðar á töfluna (flettistöfluna).
- Staða plánetanna rædd, hvar þær eru staðsettar miðað við jörðina

Syngja: **Ég skal mála allan heiminn elsku mamma** (bls 2-5)

Hlusta á: [Ég skal mála allan heiminn Sailor Moon Super S Orgel Fantasia](#)

1. Lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni (himingeimurinn)
Hlustun
Söngur



Fantasia

Fantasia er verk sem ekki hefur fastmótaða byggingu og er hálfgerð hugarflug í tónum.



Hlustið á Sailor Moon Super S orgel fantasíu og hreyfið ykkur frjálst eða teiknið og litið.

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.

Orð sem hægt er að skoða eða vinna með, kennarinn velur orð:
Gáfuð, brjóta heilann, hugsanablaðra, drasl, góðgæti, fróðleikur, umhverfi, geimur, háski, myndavél, svarthol, alheimur, aragrúi, reikistjarna, hnöttur, jarðskorpa, möttull, kjarni, fljótandi, áhugavert, mátulegt, misjafnt, umhverfis, gufuhvolf, hitasveiflur, endurkasta, sólkerfi, skopparakringla, sólstjarna, tungl, gashnöttur, loftstraumur, strókur, gígur, klettabelti, ryðgaður, hrapsteinn, ótti, ógn, geysimikill, lofttegund, hringsóla, yfirborð, gashjúpur, bergkjarni, stríðir vindar, lofthjúpur, smástirni, geimgrýti, norðurljós, fastastjörnur, vetrarbraut, þyrillpoka, geimfari, geimfar, gervitungl, fjarstýrður, geimstöð, spaugilegt

Lykilorð: reikistjarna, sólkerfið
Skrifið nýju orðin á meðf. blað.

Finna orð í textanum sem innihalda – e- é og strika undir þau. Finna og gera hring utan um Sérnöfn í textanum (ljósrít af textaopnu, paravinna).

Syngja: **Blessuð sólin elskar allt** (bls. 6-7)
Jörðin hún snýst (bls. 6-7)

Hlusta á: [Canon](#)- Pachelbel

2. Lota

Hlustun
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Stór stafur
Sérhljóðar e-é
Ritun - stafagerð
Söngur







Kanon

Kanon er verk þar sem ein laglína byrjar að spila í einni rödd og síðan byrjar hún í annari rödd á meðan hin heldur áfram að spila, nokkurs konar eltingarleikur.



Hlustið á Kanon Pachelbels hvernig fiðlurnar elta hvor aðra í byrjun.

<p>Stöðvavinna:</p> <p>Hópur 1: Teiknar Merkúrís (bls. 8), Venus (bls. 9) og Jörðina bls. 3) á bylgjupappa (pizzukassa) og mála með þeljulitum.</p> <p>Hópur 2: teiknar Mars (bls.10), Júpiter (bls.11) og Satúrnus bls. 12) á bylgjupappa (pizzukassa) og mála með þeljulitum.</p> <p>Hópur 3: teiknar Úranus (bls.13), Neptúnus (bls.14) og Plútó (bls. 15) fær að fljóta með þótt hann sé ekki lengur talin til reikistjarnanna.</p> <p>Syngja: Góða tungl Álfadans</p> <p>Hlusta á: Clair de Lune – Debussy Starwars Theme</p>	<p>3.lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Hlustun Söngur</p> <p> Stef Stef er upphafslaglína í tónverki (Theme).</p> <p> Hlustið og horfið á Clair de Lune og berið saman við hitt myndbandið til vinstri.</p>
<p>Umræða og hlustun</p> <p>Skoða bækur um geiminn og allt sem tilheyrir honum.</p> <p>Skrifa niður upplýsingar sem eru fróðlegar eða skemmtilegar um þínar plánetur og líma þær aftan á viðkomandi plánetur.</p> <p>Syngja: Glettinn máninn (bls. 8) Mánaskin er úti (bls.8)</p> <p>Hlusta á: Tunglskinssónatan – Beethoven</p>	<p>4. lota</p> <p>Lestur Ritun Hlustun Söngur</p> <p> The Solar System Song hlustið, getið þið búið til vísur og lag um pláneturnar?</p> <p> Sónata Sónata er verk fyrir einleikara sem ýmist leikur einn eða með öðrum t.d. píanóleikara. Þær eru oftast í fjórum köflum.</p>
<p>Ljóð um dýrin</p> <p>Bekkurinn æfir kórlestur á ljóðunum hér að neðan og syngja þau líka.</p> <p>Syngja: Tunglið tunglið taktu mig (bls. 16-17) Máninn hátt á himni skín (bls.16-17)</p> <p>Hlusta á: Dance of The Moon and Stars</p>	<p>5. lota</p> <p>Framsaga Söngur Hlustun</p>

Sýning

Sýna pláneturnar sínar.
Nemendur gefa þeim stjörnur.
Syngja: Valin lög af því sem nemendur hafa lært í þemanu.

Hlusta á: [Pláneturnar](#) - Gustaf Holst
[Merkúrius](#) (vængjaði sendiboðinn)
[Venus](#) (friðflytjandinn)
[Mars](#) (herguðinn)
[Júpiter](#) (boðberi gleðinnar)
[Satúrnus](#) (ellin)
[Úranus](#) (töframaðurinn)
[Neptúnus](#) (dulhyggjan)

6. lota

Tjáning
Söngur



Svíta

Svíta er verk sem er í mörgum smá þáttum sem er raðað saman eins og pláneturnar.



Hlustið á pláneturnar eina og eina í einu.
Verkið er svíta þ.e. margir smá þættir sem er raðað sama í þessu tilfelli plánetunum.

Þigurlína Jónsdóttir

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU HIMINGEIMINN

Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Ég skal mála allan heiminn

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
eintómt sólskin, bjart og jafnt.
Þó að dimmi að með daga kalda og skamma,
dagar þínir verða ljósir allir samt.

Litlu blómin, sem þig langar til að kaupa,
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt.
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
svo alltaf skíni sól í húsið þitt.

Mamma ertu sorgmædd seg mér hvað er að
sjálfsagt get ég málað gleði yfir það
ótal fagra liti á ég fyrir þig
ekki gráta mamma - brostu fyrir mig

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
eintómt sólskin, bjart og jafnt.
Þó að dimmi að með daga kalda og skamma,
dagar þínir verða ljósir allir samt.

Litlu blómin, sem þig langar til að kaupa,
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt.
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
svo alltaf skíni sól í húsið þitt.

Óskaðu þér mamma, alls sem þú vilt fá,
ennþá á ég liti, til hvers sem verða má.
Allar heimsins stjörnur og ævintýrafjöll
óskaðu þér mamma svo lita ég þau öll.

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
eintómt sólskin, bjart og jafnt.
Þó að dimmi að með daga kalda og skamma,
dagar þínir verða ljósir allir samt.

Litlu blómin, sem þig langar til að kaupa,
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt.
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,
svo alltaf skíni sól í húsið þitt.

Blessuð sólin elskar allt

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur.
Haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.
Geislar hennar, út um allt,
eitt og sama skrifa
á hagann grænan,
hjarnið kalt:
Himneskt er að lifa!

Jörðin hún snýst

Jörðin hún snýst um sjálfa sig
sólarringferð, með þig og mig.
Umhverfis sólu á ári hún fer
og ávallt á leiðinni vaggar sér.

Að möndlinum skaltu á myndinni gá,
möndullinn liggur aðeins á ská.
Jörðinni vaggar hann vor jafnt sem haust,
vetur og sumar, endalaust.

Endi hans nemur við norðurpól.
Nálega' að vetrinum hverfur þar sól.
Skáhallir, gráfölvir gægjast þó um
geislar sem blikna í stórviðrum.

Suðurpól mættirðu muna vel,
möndulsins enda við suðurhvel.
Næturlangt skærast skín þarna sól
þá skammdegið ríkir við norðurpól.

Glettinn máninn

Glettinn máninn gægist gjarnan til mín inn,
sýnist vilja segja: "Sjá þú geislann minn.
Málað hef ég marga mynd á dal og strönd,
sett þær mánasilfri, sýnt þeim töfralönd".

Hátt í himinveldi hreykir máninn sér.
Hann er oft að hlægja, hlær að mér og þér.
Skuggana hann skammar, skýst á undan þeim.
Silfurörvar sínar sendir út um geim.

Ingólfur Jónsson

Mánaskin er úti

“Mánaskin er úti;
maður dundar sér.
Áttu nokkurn pappír,
pappír handa mér,
pappír til að skrifa
pínulítið bréf;
annað er svo verra
ekker ljós ég hef.”

“Engan pappír á ég,
enda komin nótt.
Senn fer ég að sofa,
sofa vært og rótt.
Gáðu til þíns granna,
glaður eldur var
inni fyrir áðan;
enda rýkur þar.

Þorsteinn frá Hamri

Góða tungl

Góða tungl um loft þú líður,
ljúft við skýja silfur skaut.
Eins og viljinn alvalds býður,
eftir þinni vissu braut.
Öllum þreyttum, ljós þitt ljáðu,
læðstu um glugga sérhvern inn.
Lát í húmi, hjörtun þjáðu
huggast blítt við geisla þinn.

Góða tungl í geislamóðu
glansar þú í stjarnasæ
og með svifi hvelfist hljóðu
hátíðlega í næturblæ.
Þú oss færir, frá þeim hæsta
föður mildan náðar koss,
Og til morguns, gullinglæsta,
góða tungl þú leiðir oss.

Steingrímur Thorsteinsson

Góða tungl um götur skírðar
gengur þú og lýsir vel.
Þar er setti sér til dýrðar,
Sjálfur Guð, þitt bjarta hvel.
Lít til vorra lágu ranna,
lát þitt friðarandlit sjást.
Og sem vinhýr vörður manna
Vitna þú um drottins ást.

Þula

Tunglið, tunglið, taktu mig
og berðu mig upp til skýja.
Hugurinn ber mig hálfu leið
í heimana nýja.
Mun þar vera margt að sjá,
mörgu hefurðu sagt mér frá,
þegar þú leiðst um loftin blá
og leist til mín um rifinn skjá.
Komdu, litla Lipurtá, langi þig að heyra,
hvað mig dreymdi, hvað ég sá,
og kannske sitthvað fleira.
Ljáðu mér eyra.

Litla flónið, ljáðu mér snöggvast eyra:
Þar er siglt á silfurbát
með seglum þöndum,
rauðagull í rá og böndum,
rennir hann beint að ströndum,
rennir hann beint að björtum
sólarströndum.

Theodora Thoroddsen

Álfadansinn

Máninn hátt á himni skín
hrímfölur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.

Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt við dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Bregðum blysum.....

Nú er veður næsta frítt,
nóttin er svo blíð.
Blaktir blys í vindi,
blaktir líf í tíð.

Bregðum blysum.....

Komi hver sem koma vill!
Komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli,
dunar ísinn blár.

Bregðum blysum.....

Jón Ólafsson

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Fyrir nemendur á yngsta stigi

Þigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn(takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólustarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur finni og sjá

áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærd og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrifin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjörukt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsblað og spyrja: „ Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsblaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislöng strik eftir lengd tónanna og tröppur eða strik sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvínandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**



Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

Komdu og skoðaðu himingeiminn -vinnublöð-

Komdu og skoðuðu himingeiminn - Lykilorð



REIKISTJARNA

--	--	--

--	--	--


--	--	--

--	--	--

--	--	--


--	--	--

Komdu og skoðuðu himingiminn - Lykilorð



SÓLKERFIÐ

Spacey



Komdu og skoðaðu himingeiminn - orðasúpa

Þ E N D U R N R T A L H L T Í
 S J R M S F O Ð J L A N Í U H
 K U Ó Á L Æ R Þ Ó H F Ö E N N
 S J P L Ó L Ð R Ð E K T L G Ö
 V P A E H Á U N S I V T D L T
 A V A R A H R U T M R U S T T
 R I S D N L L L M U T R N L U
 T H R I G I J Í E R I I E E R
 H I Ó A N S Ó L K E R F I N M
 O R R R E D S Ú G A U I T D Ö
 L L O F T H J Ú P U R Ð I I T
 O R K U L A U S D K R D Ý N T
 R A F G E I M S T Ö Ð J A G U
 G E I M G R Ý T I B Ý L I U L
 Y F I J A R Ð S K O R P A K L




Finndu orðin:

SÓLKERFI	MÖTTULL	NORÐURLJÓS
ALHEIMUR	KJARNI	GEIMGRÝTI
HNÖTTUR	TUNGL	LOFTHJÚPUR
JARÐSKORPA	SVARTHOL	GEIMSTÖÐ

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat – Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

